

## Fundargerð Háskólaráðs 4. febrúar 2016

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Auður H Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema, Gauti Skúlason fulltrúi grunnema, Stefán Freyr Benónýsson fulltrúi Háskólagáttarnema, Soffía Þorleifsdóttir varafulltrúi meistaranema og Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu.

**Fjarverandi:** Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Einar Svansson fulltrúi kennara, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema og Elís Bergur Sigurbjörnsson fulltrúi grunnema.

**Áheyrnarfulltrúar:** Ólafur Ísleifsson gæðastjóri (Skype) og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar 2. desember 2015**  
Samþykkt.

2. **Nemendaerindi - trúnaðarmál**

3. **Öflun nýrra nemenda fyrir vorönn**

Rektor kynnir að nú hafi 35 umsóknir borist um háskólanám á vorönn 2016, búið að samþykkja 25 umsækjendur. Einnig var hringt í nemendur sem voru í námi á haustönn en höfðu ekki skráð sig í námskeið á vorönn.

Undirbúningur markaðssetningar fyrir næsta skólaár er kominn vel á veg. Háskóladagurinn verður 5. mars nk., opið hús á Bifröst 5 maí. Von er á tillögum frá nemendum varðandi markaðssetningu skólans innan skamms.

4. **Fjármál**

Fjármálastjóri gerir grein fyrir drögum að uppgjöri fyrir árið 2015. Reiknað er með að hægt verði að loka árinu nokkurn veginn í samræmi við áætlun.

Áætlun fyrir 2016 gerir ráð fyrir að reksturinn verði í nokkuð góðu jafnvægi á næsta ári.

5. **Gæðamál**

Rektor kynnir bréf gæðaráðs þar sem tilkynnt er að skólinn hafi nú fengið fullt traust í þeim lið sem áður var ekki veitt fullt traust. Þessi niðurstaða er fram komin frá gæðaráðinu eftir yfirferð á gögnum sem send voru til gæðaráðsins í nóvember og aftur nú í janúar.

Gæðastjóri ítrekar hve mikilvæg og góð þessi niðurstaða er fyrir skólann. Það mun berast skýrsla innan tíðar vegna þessarar endurupptöku og mun hún verða birt á heimasíðu Rannís. Háskólaráð fagnar niðurstöðunni.

Gæðastjóri gerir grein fyrir að undirbúningur annarrar úttektarlotu er hafinn, í henni verða rannsóknir teknar út. Engar úttektir verða á þessu ári. Líklegast er að athyglinni verði þá beint að þeirri umgjörð sem skólar hafa um rannsóknarstarfið.

Nemendur vilja taka fram að vel hafi verið staðið að endurupptöku matsins af hendi skólans.

#### 6. Endurskoðun á matskerfi HB

Rektor kynnir matskerfi akademískra starfsmanna sem var í gildi frá 2008. Hann kynnir einnig nýtt matskerfi sem hefur verið tekið í gagnið innan HB. Hið árlega mat akademískra starfsmanna fer nú eftir þessum reglum. Hér er fyrst og fremst um samræmingu að ræða.

Rektor leggur til að nýtt matskerfi fyrir framgang í akademísku starfi taki gildi vegna nýrra umsókna frá 1. mars.

Samþykkt.

#### 7. Breytingar á prófareglum

Gæðastjóri kynnir, óverulegar breytingar sem snúa að framkvæmd munnlegra prófa og reglur á próftökustað. Fjallað hefur verið um þessar breytingar í fagráði og gæðaráði.

Samþykkt.

#### 8. Val í siðanefnd

Fulltrúi nemenda er hættur í skólanum. Nemendafélagið mun koma með tillögu til háskólaráðs.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

#### 9. 100 ára afmæli 2018

Rektor bendir á að skólinn eigi 100 ára afmæli á árinu 2018, en hann var stofnaður í desember 1918. Stofna þarf afmælisnefnd, sem hefji störf fljótlega.

#### 10. Samningur við ráðuneytið

Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið rennur út á þessu ári. Fundað hefur verið í ráðuneytinu vegna þessa til að hvetja til þess að undirbúningur að endurskoðun hans geti hafist sem fyrst.

#### 11. Nýjungar í skólastarfinu

Rektor kynnir að skoðun á því hvar lögreglunám á háskólastigi fari fram sé enn í gangi af hendi innanríkisráðuneytisins, ekki ljóst hvenær niðurstaða liggur fyrir.

Nám fyrir fasteignasala hefur einnig verið til skoðunar en niðurstaða liggur ekki fyrir.

#### 12. Önnur mál

a) Fulltrúar nemenda koma á framfæri athugasemdum vegna þess hve langan tíma tók að bregðast við myglusvepp í íbúð í Sjónarhól. Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðbrögðum vegna þessa.



Fundi slitið kl. 17.00.

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir

Fundargerð samþykkt 3. mars 2016.